

gagnáfrýjandans að fella úrskurð þann, sem kveðinn var upp í málinu 24. júlí þ. á., úr gildi og dæma hjeradsdóminn ómerkan, og að skylda undirdómarann til að taka málið fyrir að nýju, og setja það í það ástand, sem það var, áður en nefndur úrskurður var kveðinn upp, og síðan veita gagnáfrýjandanum hinn umbeðna frest.

Málskostnaður fyrir yfirdóminum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði hjeradsrjettardómur á ómerkur að vera og úrskurður sá, sem gekk í málinu 24. júlí þ. á., að falla úr gildi, og ber hjeradsdómaranum að taka málið fyrir að nýju og setja það í það ástand, sem það var, áður en úrskurðurinn 24. júlí þ. á. var kveðinn upp í því, og síðan veita gagnáfrýjandanum, G. Emil Unbehagen, hinn umbeðna frest. Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Nr. 24/1879:

H. J. Siemsen

gegn

G. Emil Unbehagen.

Úrskurður:

Í máli þessu er stefndi og gagnáfrýjandi, verzlunarstjóri G. Emil Unbehagen, með bæjarþingsdómi Reykjavíkur kaupstaðar, gengnum 17. dag júlímán. þ. á., dæmdur fyrir hönd verzlunarhússins Carl Franz Siemsens til að greiða áfrýjandanum 617 kr. 74 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað skaðlaust.

Þessum dómi hefur H. J. Siemsen skotið til yfir-

dómsins til staðfestingar, en hins vegar hefur stefndi gagnáfrýjað honum ásamt 2 úrskurðum, sem kveðnir hafa verið upp fyrir bæjarþingsrjettinum á meðan málið var rekið fyrir honum, vg krafizt þess, að hjeradsdómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu annaðhvort frávísað, ellegar það fellt eða hafð, eða því heimvísað og það sett aptur í það ásigkomulag, sem það var í, annaðhvort 29. maí eða 5. júnímán. þ. á. En jafnframt hefur hann til vara beðið um nauðsynlegan frest til að koma með gagnsóknarframhald að því er snertir aðalefni málsins.

Frávísunarkröfu sína hefur hann byggt á því, að aðaláfrýjandi hafi, þótt krafa hans á hendur gagnáfrýjanda hafi numið 2217 kr. 74 a., skipt þessari upphæð og gjört úr henni tvö mál, er honum hafi með öllu verið heimildarlaust. Þessa kröfu getur yfirdómurinn ekki aðhyllst, þar sem þessi skipting, þó hún hefði verið ólögæt, aldrei hefði getað haft þá afleiðing, að málinu yrði frá vísað, enda hefur gagnáfrýjandi ekki fyrir bæjarþinginu mótmælt þessari skiptingu og þannig þegjandi samþykkt hana.

Þar sem gagnáfrýjandi hefur krafizt þess, að málið verði fellt eða hafð, þá hefur hann borið þá ástæðu fyrir, að hvorugur málspartanna bafi mætt 29. maí þ. á., þá er það var tekið fyrir á bæjarþinginu, og því hafi dómurinn samkvæmt 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832 átt að hefja málið.

Hinn 15. dag maímán. var það tekið undir úrskurð, hvort veita skyldi gagnáfrýjanda frest þann til 7. dag ágústmán., sem hann hafði beðið um. Var úrskurður kveðinn upp 29. dag maímán., og honum synjað um hinn umbeðna frest, en honum var veittur frestnr til 5. júnímán. næst eptir. Hinn 29. maímán. mætti að vísu hvorugur málsparta; en þar sem með

úrskurðinum var veittur frestur til 5. júní, þá gat dóm-
arinn ekki hafið málið 29. maímán., því gagnáfrýjandi
hafði rjett til að nota þenna frest, og honum var það
innanhandar, þótt ekki mætti hann þann dag, sem
úrskurðurinn var kveðinn upp, enda bera hjeradsdóms-
gjörðirnar það með sjer, að gagnáfrýjandi ljet mæta í
málinu 5. júnímán., og hjelt málinu að sínu leyti á-
fram, þótt ekki væri það með öðru en því, að beiðast
enn á ný viku frests. Þessi krafa gagnáfrýjanda verður
því heldur ekki tekin til greina.

Þvínæst kemur til álita, hvort krafa gagnáfrýjanda
um, að málinu verði vísað heim fyrir þá sök, að hjer-
adsdómarinn hafi synjað honum um hinn umbeðna
frest í málinu, eigi við rök að styðjast.

Eins og áður er á vikið, beiddist gagnáfrýjandi
hinn 24. aprílmán. um frest til 7. ágúst til þess að
hann gæti náð skjölum frá Hamburg, sem hann taldi
sjer nauðsynleg til þess að geta komið gagnsókn fram
í málinu, og eptir að áfrýjandi hafði fengið viku frest
í málinu, sjekk gagnáfrýjandi hálfis mánaðar frest í því,
og að honum liðnum, eða 15. maímán., endurnýjandi
hann þessa beiðni sína. Um þenna frest synjaði und-
irdómarinn honum, og er yfirdómurinn á því máli, að
sú synjun hafi verið lögmæt, með því sækjandi í
hjeradi ekki gat verið skyldur til að bíða svo lengi
með mál sitt til þess að gagnáfrýjandi gæti komið
fram með gagnsókn út af svo að segja með öllu óá-
kveðnum kröfum.

Að því er snertir úrskurð hjeradsdómarans, sem
kveðinn var upp 5. júnímán., með hverjum hann synj-
aði gagnáfrýjanda um lenging á fresti þeim, sem hann
hafði veitt honum með úrskurði frá 29. maímán., þá
hefur gagnáfrýjandi tekið það fram, að hann hafi ekki
gjört honum aðvart um, hvenær úrskurðurinn yrði upp

kveðinn. En yfirdómurinn verður að álíta, að gagnáfrýjandi verði að kenna sjálfum sjer um, að hann ekki notaði þann frest, eða kynnti sjer, hvenær úrskurðuriun yrði upp kveðinn, því þar sem, eins og í Reykjavík, þingdagar eru fast ákveðnir, ber dómara-
 anum engin skylda til, þegar málin eru flutt fyrir bæjarþingi, að gjöra málsþörtunum aðvart um, hvenær úrskurðir eða dómar munu kveðnir upp í málinu. Yfirdómurinn getur því ekki heldur tekið heimvísunar-
 kröfur gagnáfrýjanda til greina.

Aptur á móti veitist honum frestur til hins fyrsta rjettardags næsta ár til varnar í aðalefni málsins.

Því úrskurðast:

Kröfur gagnáfrýjanda um, að hjeraðsdómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu annaðhvort vísað frá eða það hafið, eða að því verði heimvísað til nýrri fyrirtektar, verða ekki teknar til greina, en honum veitist frestur til fyrsta rjettardags næsta ár til varnar í aðalefni málsins.
